

Stofnanasamningur
SFR – stéttarfélags í almannaþjónustu
og Vegagerðarinnar.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í SFR - stéttarfélagi í almannaðjónustu og sem starfa hjá Vegagerðinni.

2. Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- b. laun séu jöfn fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- c. að auðvelda stofnuninni að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna í nútíð og framtíð.

3. Launaröðun

Röðun starfa í launaflokka byggir m.a. á skipuriti Vegagerðarinnar. Ákvörðun launa skal fara fram með hlutlægum hætti og miðað við samþykktar starfslýsingar starfsmanna.

Röðun í launaflokka

Lfl.	41	Aðalbókari,
Lfl.	38	Sérfræðingur I á fjárhagsdeild (umsjón með vebbókshaldi, uppgjöri tjónamála og eingaskrá
Lfl.	35	Deildarstjóri hjá upplýsingatæknideild (rekstrarþjónusta) Deildarstjóri hjá veghönnunardeild (kortagrunna og mælingar)
Lfl.	34	Verkefnastjóri I.
Lfl.	33	Rekstrarstjórar, deildarstjóri vélar og tæki, verkefnastjóri II
Lfl.	32	Aðalgjaldkeri, launafulltrúi, kerfisfræðingur, verkefnastjóri III
Lfl.	31	Öryggisstjóri, verkefnastjóri IV, Vegtæknar, eftirlitsmenn, mælingamenn, úttektarmenn, rannsóknarmaður á siglingasviði.

Handwritten signatures and initials:
H.K.B. · O. Gu.
R. J. H.K.B.
S.A.

Lfl	29	Sérfræðingur II á fjárhagsdeild, fulltrúi I
Lfl	23	Afgreiðslumenn, fulltrúi II, skrifstofumenn, rannsóknarmaður, vaktstjórar og þjónustufulltrúar. Háskólanemi við störf í námsgreininni að loknu eins vetra háskólanámi.
	22	Fyrirliðar mælingamanna í sumarvinnu.
	12	Aðstoðarmaður 19 ára á tæknideildum og við skrifstofustörf.
	10	Aðstoðarmaður 18 ára á tæknideildum og við skrifstofustörf.

3.1 Röðun starfa

Röðun starfa í launaflokk er lágmarksröðun. Starfsmaður getur svo raðast hærra með hliðsjón af þeim þáttum sem tilteknir eru í 4.1 til 4.2.

Í mjög sérstökum tilfellum þegar starf fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt að raða því starfi með öðrum hætti.

3.2 Starfsreynsla

Starfsreynsla mælist frá því að viðkomandi hóf störf hjá Vegagerðinni í sambærilegu starfi. Tekið er tillit til starfsreynslu frá öðrum en Vegagerðinni úr sambærilegum störfum.

Meta skal starfsreynslu starfsmanns hjá stofnuninni eða í hliðstæðu starfi annars staðar með eftirfarandi hætti:

Eftir 6 mánuði í starfi hjá Vegagerðinni í viðkomandi starfi eða starfsreynsla í tvö ár í sambærilegu starfi gefur einn launaflokk

Starfsreynsla í fjögur ár í sambærilegu starfi, þar af 6 mánuði hjá Vegagerðinni gefur einn launaflokk til viðbótar.

Starfsreynsla í sex ár þar af níu mánuði hjá Vegagerðinni gefur einn launaflokk til viðbótar.


4. Mat á einstökum þáttum

Inngangur

Við grunnröðun þeirra starfa sem krafist er formlegs framhaldsnáms svo sem stúdentspróf eða annars sambærilegs náms skal taka tillit til þeirra kröfu við grunnröðun starfsins. Hafi starfsmaður framhaldsmenntun sem lauk með prófi og nýtist í því starfi sem hann sinnir, en þess er ekki krafist á grundvelli grunnröðunar starfsins, skal meta það sérstaklega til launahækkunar á sama hátt og starfsmenntun/námskeið.

4.1 Framhaldsmenntun, á við launaflokka 29 og ofar en í þeim flokkum er að öllu jöfnu krafist stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar.

Starfsmaður sem lokið hefur diplóma námi frá háskóla sem nýtist í starfi með 30 Ects

0.9m


einingum eða meira skal fá 1 launaflokk og annan eftir að hafa lokið 90 Ects námi.

4.2 Starfsnám/símenntun, á við launaflokka 28 og neðar

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun/námskeiði sem viðurkennt er af samningsaðilum og nýtist í starfi, getur hækkað um tvo launaflokka. Starfsmaður skal hækka um launaflokka þegar eftirfarandi kennslustundum er náð:

- 60 kennslustundir, einn launaflokkur
- 140 kennslustundir, annar launaflokkur til viðbótar

5. Jafnræðisregla

Mat á því hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Skilgreining á starfsheitum

Á við um starfsmenn í tæknistörfum

Verkefnastjóri I hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á mjög sérhæfðu verkefni á svæðisvísu sem og verkefnum á landsvísu.

Verkefnastjóri II hefur umsjón með deild eða verkefni á landsvísu

Verkefnastjóri III hefur umsjón með verkefni á svæði.

Verkefnastjóri IV hefur umsjón með afmörkuðu verkefni

Á við um sérhæfða skrifstofumenn

Sérfræðingur I hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á mjög sérhæfðu verkefni á landsvísu

Sérfræðingur II hefur umsjón með verkefni á landsvísu

Fulltrúi I er með sérhæfð verkefni á landsvísu

Fulltrúi II er með almenn verkefni

6. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2015

Reykjavík 21.maí 2015

F.h. SFR-stéttarfélags í almannajónustu

Rúna Jónsson
H. Kolbrún Benediktssd.
Bjarni Jónsson

F.h. Vegagerðarinnar


Munmarhannarinn
Ólöf Þorvaldsson

Bókun:

Samningsaðilar eru sammála um að þeir fastlaunasamningar sem gerðir hafa verið við starfsmenn og þar með sú yfirvinna sem Vegagerðin greiðir hverjum starfsmanni sé vegna þeirra yfirvinnu sem nauðsynleg er talin til þess að starfsmaður geti sinnt starfi sínu samkvæmt starfslýsingu en ekki uppbót á dagvinnulaun.

Reykjavík 21.mái 2015

F.h. SFR-stéttarfélags í almannajónustu


H. Kolbrún Benediktsson
Rúna Jónsson

F.h. Vegagerðarinnar


Ólaf Thorsen

Fylgiskjal 1
með stofnanasamningi
SFR-stéttarfélags í almannajónustu
og
Vegagerðarinnar
undirrituðum ~~17.04.07~~ 21.05.2015.

Reglur Vegagerðarinnar um sérstaka umbun vegna tímabundins álags/verkefna

Heimilt er að greiða starfsmanni viðbótarlaun á grundvelli reglna sem fjármálaráðuneytið setti 7. mars 2007. Það er vegamálastjóri sem ákveður í hvaða tilfellum þessi heimild er notuð. Yfirmenn sviða og svæða koma með ábendingar um greiðslu viðbótarlauna þegar þeir telja tilefni vera til þess.

Að afgreiðslu viðbótarlauna skulu koma vegamálastjóri og fulltrúar hans í samstarfsnefnd um stofnanasamninga svo og viðkomandi yfirmaður sviðs eða svæðis eftir því hvar starfsmaður er staðsettur sem á að fá viðbótarlaun.

Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Við undirbúning ákvörðunar skal líta til umfangs þeirra þátta sem gefa tilefni til greiðslu viðbótarlauna og hvernig einstakir starfsmenn hafa komið að úrlausn þeirra. Almenn skal við mat á því hvort greiða skuli viðbótarlaun vegna sérstaks álags miða við það, hvort um óvenjulegar eða sérstakar aðstæður sé að ræða og ekki geta talist fyrirsjáanlegar í venjubundinni starfsemi stofnunar.

Gæta skal þess að starfsmönnum sé ekki mismunað og að konur jafnt sem karlar eigi jafna möguleika á greiðslu viðbótarlauna.

Heimild til greiðslu viðbótarlauna er bundin við eftirfarandi þætti:

1. Vegna sérstaks álags í rekstri eða starfsemi stofnunar, t.d. vegna breytinga á starfsmannahaldi, skipulagsbreytinga eða vegna óvæntra og ófyrirséðra ytri atvika og rúmast almennt ekki innan venjubundinnar starfsemi stofnunar.
2. Vegna sérstaks árangurs í starfi og varða t.d. sérstök markmið eða áherslur sem náð hefur verið, samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, sem á sér stoð í starfsáætlun stofnunar eða í sérstöku samtali starfsmanns og vegamálastjóra. Hér undir geta einnig fallið atriði eins og frumkvæði starfsmanna við úrlausn verkefna og ástundun.
3. Vegna sérstakrar hæfni starfsmanna er nýtist í starfi. Við mat á sérstakri hæfni skal m.a. líta til þess, hvort tímabundnar aðstæður í starfsumhverfi stofnunar leiði til þess að gera verður auknar kröfur til getu eða kunnáttu starfsmanna.

Ákvörðun um greiðslu viðbótarlauna skal tilkynna starfsmanni skriflega og koma skal fram í tilkynningu á hvaða forsendum viðbótarlaun eru ákveðin, fjárhæð og tímalengd greiðslu.

Viðbótarlaun eru greidd mánaðarlega. Fjárhæð þeirra skal reikna í sérstakri launategund og haldið aðgreindri frá öðrum greiðslum í launabókhaldi stofnunar. Fjárhæð viðbótarlauna skal rúmast innan fjárheimilda stofnunar og má aldrei nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði.

Reykjavík ^{21.05.2015.} mars 2007
Vegamálastjóri

Handwritten signatures and initials:
Aly O. M.
Kinn Jóns